

**AUGLÝSING**  
**um (5.) breytingu á gjaldskrá nr. 535/2015**  
**fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. gjaldskrárinnar:

a. 3. mgr. orðist svo:

Reikningur skal gefinn út við móttöku frumrits umsóknar um samþykki á tilkynningu fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs.

b. 4. mgr. orðist svo:

Hafi samþykki tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að samþykki tilkynningar hefur í för með sér vinnu umfram grunnjald skal umsækjanda gerð grein fyrir áætluðu umfangi hennar. Reikningur vegna slíkrar umframvinnu skal gefinn út þegar niðurstaða um samþykki tilkynningar liggur fyrir. Sé um að ræða fleiri en eina sendingu samkvæmt tilkynningu innheimtir Umhverfisstofnun gjald fyrir umsýslu hvernar sendingar umfram þá fyrstu. Gjaldið skal vera kr. 3.300 á hverja sendingu. Reikningur skal gefinn út þegar staðfesting hefur borist á úrvinnslu síðustu sendingar sem tilheyrir viðkomandi tilkynningu.

2. gr.

Á eftir 24. gr. c gjaldskrárinnar kemur ein ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Styrkur gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti  
og orku sem afhent hefur verið á Íslandi.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna móttöku og meðhöndlunar á skýrslum birgja um styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku, sem afhent hefur verið hér á landi, skv. 54. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera kr. 245.000 á hvern birgja.

Reikningur skal sendur birgja eftir að fullnægjandi skýrsla hefur borist inn á vefgátt Orkustofnunar.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.000“ í 31. gr. gjaldskrárinnar kemur: 700.

4. gr.

43. gr. gjaldskrárinnar fellur brott.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 54. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. nóvember 2017.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Stefán Guðmundsson.*